



13. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 28.nóv. 2011

Fundur settur kl. 17:45

Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Ásmundur Pálsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir og Hekla Klemenzdóttir.

Dagskrá:

1. Framkvæmdastóri
2. Fjármál
3. 50+ mót (frestað)
4. Bókanir að Varmá (frestað)
5. Bréf frá handknattleiksdeild Fram (frestað)

1. Sævar kynnti niðurstöður viðtala við umsækjendur. Ákvörðun verður tekin fyrir mánaðamót.
2. Sigurjón Einarsson sérfræðingur í bókhaldsmálum sem hefur farið yfir fjármál og vinnulag varðandi bókhald félagsins mætti á fundinn undir þessum lið. Sérstaklega var farið yfir millideildaviðskipti sem hafa verið gerð allt of flókin í kerfinu. Nú er búið að einfalda fyrirkomulagið og gera þannig úr garði að hægt er að sjá stöðuna rétta á hverjum tíma. Búið er að gera upp öll opinber gjöld sem voru í vanskilum, næst eru það lífeyrissjóðsiðgjöld og aðrar útistandandi skuldir. Útbúin hefur verið stöðumatslisti sem gefur eins rétta mynd af efnahagsstöðu félagsins og unnt er á þessum tímamarki sem Sigurjón fór yfir. Rætt um viðskiptaskuldir, ósamþykktar kröfur/reikninga. Staða deilda mjög mismunandi. Sigurjón mun setja upp verklagsreglur og leggja fyrir aðalstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. kl. 18:30

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari